

Vinnuskólinn

Vinnuskólinn hefst þriðjudaginn 7. júní og starfar til 31. júlí. Vinnuskólinn er fyrir unglunga fædda árin 2000 - 2003. Daglegur vinnutími verður kl. 8-12 og 13-15 fimm daga vikunnar fyrir elstu börnin, en fjóra daga fyrir hin yngri. Enn er svigrúm til að bæta við og þeir sem hafa hug á er hvattir til að senda inn útfyllt umsóknareyðublað.

Skrifstofa Dalabyggðar

Skrifstofa Dalabyggðar er opin alla virka daga kl. 10-14. Símatímar eru kl. 9-13. Póstkassi er í anddyri stjórnsýsluhúss ef þarf að skila inn skjölum utan opnunartíma.

Héraðsbókasafn Dalasýslu

Héraðsbókasafnið er opið á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13-18. Bókasafnið er lokað beri almenna frídaga upp á opnunardaga.

Vegna sumarleyfa verður Héraðsbókasafn Dalasýslu lokað 20. júní til 1. júlí og síðan 25. júlí til 15. ágúst.

Sorp og endurvinnsla

Söfnun á rúlluplasti verður fyrri hluta júlínánuðar.

Sorphirðing er annan hvorn þriðjudag. Annan þriðjudaginn er tekið sorp í Búðardal og gámar í dreifbýli sunnan við Búðardal tæmdir. Hinn þriðjudaginn eru tæmdir sorpgámar í dreifbýli vestan Búðardals. Sorphirðudagatal er að finna á heimasíðu Gámapjónustu Vesturlands.

Endurvinnslustöðin er opin á þriðjudögum kl. 15-18 og laugardögum kl. 11-14. Auk þess geta íbúar komið með flokkað sorp á flokkunarstöð við Vesturbraut (gámavellinum) á öllum tímum sólarhrings og losað í flokkunarkrær.



DALAPÓSTURINN

7. tölublað, 9. árgangur
1. júní 2016

Timbur- og járngámar í dreifbýli

Timbur- og járngámar verða staðsettir í dreifbýli með sama sniði og undanfarin ár.

Saubær, Skarðsströnd og Fellsströnd 16. - 23. júní.

Fellsströnd, Hvammssveit og Laxárdalur 23. - 30. júní.

Haukadalur og Miðdalir 30. júní - 7. júlí

Hörðudalur og Skógarströnd 7. - 14. júlí

Lóðasláttur eldri borgara

Þeir eldri borgarar sem þarfnast lóðasláttar, þurfa að sækja um það á skrifstofu Dalabúðar, einnig er umsóknareyðublaðið að finna á heimasíðu Dalabyggðar.

Lögreglusamþykkt fyrir Dalabyggð

Innanríkisráðherra hefur staðfest lögreglusamþykkt fyrir Dalabyggð og var hún birt í Stjórnartíðindum 6. maí og hefur þar með tekið gildi.

Íbúar eru hvattir til að kynna sér efni samþykktarinnar sem finna má á vef Dalabyggðar og á vef Stjórnartíðinda.

Skrifstofa Dalabyggðar

Skrifstofa Dalabyggðar verður lokað vikuna 4. - 9. júlí vegna sumarleyfa.

Hreinsun rotþróa

Árleg hreinsun rotþróa fer fram á næstu vikum og í ár verður hreinsað á Skógarströnd, í Hvammssveit og á Fellsströnd. Sumarið 2017 í Suðurdölum og Haukadál og í Laxárdal, á Skarðsströnd og í Saurbæ 2018.

Til þess að hreinsun geti gengið auðveldlega fyrir sig þurfa húseigendur að tryggja óheft aðgengi að lóðum sínum og sjá til þess að hlið séu ólæst.

Til að hægt sé að fjarlægja seyru úr öllum hólfum rotþróar þarf að lágmarki að vera 4 tommu (10 cm) stútar á öllum hólfum hennar. Nauðsynlegt er einnig að merkja staðsetningu rotþróa vel, til dæmis með veifu eða flaggi, til að auðvelda hreinsunarverktaka að finna þær.

Árgjald vegna rotþróarhreinsunar er innheimt samhliða fasteignagjöldum og tekur mið af því að um sé að ræða eina losun á þriggja ára fresti.

Ef íbúar á öðrum svæðum en hreinsa á í sumar telja brýnt að hreinsað verði nú í ár skal beiðni send á netfangið dalir@dalir.is eða síma 430 4700. Áskilin er réttur til að innheimta sérstaklega fyrir aukahreinsun meti verktaki hreinsun ótímabæra.

Garðland

Garðland fyrir grænmetisræktun í Búðardal er í námunda við vatnstankinn. Íbúum Dalabyggðar er frjálst að helga sér reit á svæðinu til afnota sumarlangt endurgjaldlaust, en eru beðnir að gæta hófs varðandi stærð þannig að sem flestir áhugasamir geti nýtt sér svæðið.

Íþróttæfingar

Frjálsíþrótt- og knattspyrnuæfingar verða á mánudögum og fimmtudögum kl. 17-19. Engin æfingagjöld verða á þessar æfingar. Yfirþjálfari verður Svana Hrönn, nánari upplýsingar í síma 779 1324, netfangið udn@udn.is og á heimasíðunni www.udn.is.

Sælingsdalslaug júní-júlí

Opnunartímar Sælingsdalslaugar og breytingar þar á eru auglýstar á vef Dalabyggðar (www.dalir.is) og Ungmenna- og tómstundabúðanna (www.ungmennabudir.is).

Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun
	31. maí Lokað	1. júní Lokað	2. júní Lokað	3. júní 16-19	4. júní 12-18	5. júní 12-18
6. júní 15-10	7. júní 15-19	8. júní 15-20	9. júní 15-19	10. júní 15-19	11. júní 10-18	12. júní 10-18
13. júní 14-19	14. júní 14-19	15. júní 14-20	16. júní 14-19	17. júní 14-19	18. júní 10-18	19. júní 10-18
20. júní 10-19	21. júní 10-19	22. júní 10-20	23. júní 10-19	24. júní 10-19	25. júní 10-18	26. júní 10-18
27. júní 10-19	28. júní 10-19	29. júní 10-20	30. júní 10-20	1. júlí 10-20	2. júlí 10-19	3. júlí 10-19
4. júlí 10-20	5. júlí 10-20	6. júlí 10-20	7. júlí 10-20	8. júlí 10-20	9. júlí 10-19	10. júlí 10-19
11. júlí 10-20	12. júlí 10-20	13. júlí 10-20	14. júlí 10-20	15. júlí 10-20	16. júlí 10-19	17. júlí 10-19
18. júlí 10-20	19. júlí 10-20	20. júlí 10-20	21. júlí 10-20	22. júlí 10-20	23. júlí 10-19	24. júlí 10-19
25. júlí 10-20	26. júlí 10-20	27. júlí 10-20	28. júlí 10-20	29. júlí 10-20	30. júlí 10-19	31. júlí 10-19

Byggðasafn Dalamanna

Sumaropnun safnsins er 1. júní til 31. ágúst alla daga vikunnar kl. 10-16. Aðgangseyrir er 1000 kr fyrir fullorðna og frítt fyrir börn undir 18 ára aldri í fylgd fullorðinna.